



REGLUR AKRANESKAUPSTAÐAR UM ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTYRKI FYRIR BÖRN Á TEKJULÁGUM HEIMILUM.

Í fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá [Ísland.is](https://island.is). Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli skilyrði samkvæmt 1. gr.

1. gr.

Íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn með lögheimili á Akranesi fæddum á árunum 2005 til 2014.

Skilyrði fyrir íþróttá- og tómstundastyrk eru:

- að börn séu með lögheimili á Akranesi
- að börnin séu fædd á árunum 2005 til 2014
- að börnin séu með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020
- að styrkurinn skuli nýttur til niðurgreiðslu á íþróttá- og tómstundum en ekki til kaupa á vörum
- styrkinn verði nýttur á skólaárinu 2020-2021 (1. ágúst 2020-31.júlí 2021)
- umsóknir berist fyrir 1. mars 2021

2. gr.

Upphæð íþróttá- og tómstundastyrkis er allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.



3. gr.

Umsókn um íþrótt- og tómstundastyrki fer fram [Ísland.is](https://island.is) með rafrænum hætti. Hægt er að nota íþrótt- og tómstundastyrki sem hluta af greiðslu vegna þátttöku í ýmsu íþrótt- og tómstundastarfi og er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningum:

- skilyrði Akraneskaupstaðar fyrir að íþrótt- og tómstundafélög séu skráð í Nóra
- félögin þurfa að viðhafa góða starfshætti og starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi. Starfið þarf að vera undir handleiðslu þjálfara/leiðbeinenda 18 ára og eldri
- nemendur í tónlistarnámi við tónlistarskóla Akraness geta nýtt nota íþrótt- og tómstundastyrkinn
- nýta má íþrótt- og tómstundastyrkinn við kaup á þriggja til 12 mánaða líkamsræktarkortum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda
- annað tómstundastarf sem ekki er á ábyrgð tómstundafélaga eða Akraneskaupstaðar getur fallið undir gildissvið íþrótt- og tómstundastyrksins. Þar getur verið um að ræða námskeið. Forsvarsaðilar slíkrar starfsemi þurfa að setja sig í samband við fulltrúa skóla- og frístundasviðs
- tómstundastarf sem er á vegum félagasamtaka sem starfa í öðrum sveitarfélögum. Forsenda fyrir að hægt er að nýta íþrótt- og tómstundastyrkinn við slíkar aðstæður er að ekki sé fyrir hendi félag sem hefur með höndum sama eða sambærilegt félagastarf á Akranesi
- tómstundafélag fær uppgjör frá Akraneskaupstaðar fyrsta virkan dag hvers mánaðar í samræmi við skráningar sem framkvæmdar eru af forráðamönnum barna í íbúagáttinni í næsta mánuð á undan. Með skráningunni í íbúagáttina er íþrótt- og tómstundastyrkurinn framseldur af forráðamönnum til viðkomandi tómstundafélags
- annað tómstundastarf sem meðferðarfundur félagsþjónustu tekur gilt hverju sinni.

4. gr.

Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið samkvæmt skilyrðum 1. gr sækir umsækjandi um íþrótt- og tómstundastyrkurinn hjá Akraneskaupstað í gegnum [Ísland.is](https://island.is)



Akraneskaupstaður tekur ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íþróttá- og tómstundastarf barnsins á skólaárinu 2020-2021.

5. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun sveitarfélagsins til velferðar- og mannréttindaráðs. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjandi barst vitneskja um það hvort hann uppfyllir skilyrði um rétt sinn til íþróttá- og tómstundastyrks hjá Ísland.is.

6. gr.

Reglur þessar, byggja á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um úthlutun íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, taka gildi 1. október 2020.

